



Reykjavík, 14. desember 2020

SFS2020010151

199. fundur

HG/ss

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að tillögur starfshóps á vegum landlæknis verði innleiddar í leik- og grunnskóla.

Á fundi borgarráðs 16. janúar 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja það til að tillögur sem starfshópur á vegum landlæknis setti fram verði skoðaðar og kostnaðarmetnar og síðan innleiddar í leik- og grunnskóla. Í tillögunum segir „Niðurstöður könnunarinnar undirstrika mikilvægi þess að styrkja umgjörð, skipulag og innviði skólakerfisins til að sinna geðrækt, forvörnum og stuðningi við nemendur með farsælum hætti, nýta gögn og árangursmælingar með markvissari hætti til að efla geðræktarstarf og skólabrag, og koma á fót árangursríkri kennslu í félags- og tilfinningafærni á öllum skólastigum. Jafnframt þarf að tryggja mun betur en gert er í dag að nemendur á öllum skólastigum fái þann stuðning sem þeir þurfa vegna erfiðleika á sviði hegðunar, líðanar og félagsfærni, og að starfsfólk í skólum fái þann stuðning sem þau þurfa til að sinna hegðun, líðan og samskiptum barna og ungmenna með farsælum hætti. Ákvæði í lögum og reglugerðum virðast ekki duga til að tryggja að framkvæmd verði með þeim hætti sem gert er ráð fyrir heldur þarf heildarskipulag, aðföng, þjálfun og handleiðsla starfsfólks, samstarf stofnana og skilgreind hlutverk aðila skólasamfélagsins að styðja við framkvæmdina.“ Tillögur starfshópsins eru þessar: 1. Geðræktarkennsla á öllum skólastigum. 2. Þrepaskiptur stuðningur í skólastarfi. 3. Samstarf kerfa í þágu barna og ungmenna. 4. Skólaumhverfi sem styður við vellíðan. 5. Þekking og færni til að vinna með hegðun, líðan og samskipti barna og ungmenna. 6. Gagnreynd nálgun að hegðun í skólakerfinu. 7. Skólatengsl og samstarf við foreldra. 8. Réttur til gæðamenntunar og gagnreyntra stuðningsúrræða.

Tillögurnar birtast í skýrslunni Innleiðing geðræktarstarfs, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í skólum á Íslandi sem kom út í október 2019.

Tekið er undir það sem fram kemur í skýrslunni um mikilvægi þess að styðja vel við geðheilbrigði og velferð barna og ungmenna og að skólakerfið verði nýtt á þeim vettvangi.

Skýrslan var kynnt fyrir stjórnendum grunnskóla og frístundamiðstöðva í Reykjavík skömmu eftir að hún kom út.

Í skýrslunni kemur fram að geðheilbrigði barna og ungmenna sé ekki málefni eins geira heldur þurfi öll kerfi sem sinna börnum að vinna saman í þessu sem öðru. Á skóla- og frístundasviði borgarinnar hafa leik- og grunnskólar sinnt víðtæku geðfræðslu- og geðræktarstarfi, auk þess sem frístundahluti sviðsins vinnur einnig markvisst að bættri geðheilsu barna og unglinga. Víðtækt samstarf á sér einnig stað um geðheilsu barna við skólaþjónustu velferðarsviðs, heilsugæsluna og fleiri aðila. Á vegum félagsmálaráðuneytisins er nú unnið að heildarendurskoðun og yfirgripsmiklum breytingum á þjónustu við börn og barnafjölskyldur. Í umræddri skýrslu er tekið fram að brýnt sé að í þessari endurskoðun komi fram raunhæf áætlun um hvernig skuli bæta úr þeim annmörkum á heilbrigðis- og félagsþjónustu við börn og unglinga sem lengi hefur verið bent á. Einnig að mikilvægt sé að samkomulag verði um það þvert á ráðuneyti að styðja við innleiðingu tillagnanna með fjármagni og endurskipulagningu á verksviðum stofnana og þjónustukerfa.

Fyrir 151. löggjafarþingi 2020–2021 liggur [frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#). Lögum um farsæld barna er ætlað að stuðla að velferð og farsæld barna í barnvænu, heilsueflandi og valdeflandi samfélagi. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Stefnan sem er lögð til í frumvarpinu er að láta mismunandi hluta kerfisins tala betur saman og loka gráum svæðum. Markmiðið er að barnið verði hjartað í kerfinu. Frumvarpið tekur til allrar þjónustu sem fer fram innan skólakerfisins, í leik-, grunn- og framhaldsskólum, á frístundaheimilum og í félagsmiðstöðvum. Það tekur einnig til þjónustu sem er veitt innan heilbrigðiskerfisins, í heilsugæslu, á heilbrigðisstofnunum og sjúkrahúsum og félagsþjónustu sem er veitt innan sveitarfélaga, barnaverndarþjónustu og þjónustu við börn með fatlanir, svo dæmi séu tekin.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að félags- og barnamálaráðherra beri ábyrgð á samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og hafi eftirlit með framkvæmd laganna.

Margar aðgerðir í geðræktarskýrslunni eru á ábyrgð ríkisins, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og Embættis landlæknis. Þær aðgerðir sem sveitarfélögin bera ábyrgð á eru flestar háðar aðgerðum á vegum ríkisins, en lýðheilsu- og forvarnarteymi skóla- og frístundasviðs hefur farið yfir þær aðgerðir sem snúa að sveitarfélögunum og leitast hér við að svara hvernig þeim verður við komið í starfinu. Skóla- og frístundasvið mun fylgjast vel með þessum aðgerðum ráðuneytanna og framgangi farsældarfrumvarpsins.

Félagsmálaráðuneytið hefur látið gera mat á hagrænum og fjárhagslegum áhrifum farsældarfrumvarpsins á ríki og sveitarfélög. Greiningin leiddi í ljós að ávinningur breytinganna felst annars vegar í því að fækka áföllum sem börn verða fyrir og hins vegar í því að auka seiglu þeirra. Fyrstu árin er kostnaður við frumvarpið hærri en ávinningur og hefur sá kostnaður sem til kemur verið fjármagnaður af ríkinu. Til lengri tíma vegur ávinningurinn þó mun þyngra, ekki síst þegar sú kynslóð sem fær þjónustu samkvæmt frumvarpinu frá fæðingu kemst út á vinnumarkað. Heildarniðurstaða matsins er því að samþætting þjónustu í þágu farsældar barna er arðbær langtímafjárfesting sem bætir afkomu hins opinbera til framtíðar litið.

Aðgerðir úr skýrslunni *Innleiðing geðræktarstarfs, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í skólum á Íslandi (okt. 2019)* sem snúa að sveitarfélögunum og viðbrögð skóla- og frístundasviðs við þeim:

2.6 Í öllum leik-, grunn- og framhaldsskólum starfi þverfagleg teymi sem sinni skipulagi, framkvæmd og símati á kennslu, geðræktarstarfi, forvörnum og stuðningi

Á skóla- og frístundasviði er stefnt að því að allir leik- og grunnskólar verði heilsueflandi. Lagt er til að ábyrgðarmenn heilsueflandi skóla ásamt stýrihópi, í hverjum skóla fyrir sig, skipi þetta teymi.

2.7 Allir leik-, grunn- og framhaldsskólar móti sér stefnu og áætlun um skipulag og framkvæmd geðræktarstarfs, forvarna og stuðningsúrreða í samræmi við þrepaskiptan stuðning

Allir leik- og grunnskólar eiga að fylla út gátlista EL (Embætti landlæknis) um heilsueflandi skóla. Að auki hefur frístundahluti SFS(skóla- og frístundasviðs) unnið heilsueflandi gátlista fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöðvar. Enn fremur er til gátlisti um heilbrigði í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 (sjá hér: <https://reykjavik.is/gatlistar-fyrir-menntastefnu>). Starfsstaðir sviðsins nýta þessa gátlista m.a. í sinni starfsáætlunarvinnu. Þegar EL hefur uppfært sitt efni þá ætti það því að hríslast sjálfkrafa inn í starfsemi SFS.

2.8 Allir leik-, grunn- og framhaldsskólar skili árlegri greinargerð um tilhögun geðræktarstarfs og þrepaskipts stuðnings til svæðisbundinna stuðningsteyma sveitarfélaga og landshluta

Árleg greinargerð verður sjálfkrafa til við það að starfsstaðir fylla rafrænt inn í fyrirnefnda gátlista heilsueflandi skóla og gátlista menntastefnunnar.

2.9 Allir skólar framkvæmi árlega greiningu á því hvaða úrræði eru til staðar og hvort þörfum allra barna og ungmenna í skólanum sé mætt

Lýðheilsu- og forvarnarteymi SFS gæti stutt við þessa aðgerð með því að lista upp þessi úrræði og vista í verkfærakistu menntastefnunnar. Tengist líka verkferli um börn í vanda sem er í endurskoðun.

2.10 Mat á skilvirkni og samfellu geðræktarstarfs og þrepaskipts stuðnings í skólastarfi verði hluti af innra og ytra mati skóla á öllum skólastigum

Skóla- og frístundasvið notar þau viðmið um gæði sem sett eru af mennta- og menningarmálaráðuneyti í sínu innra og ytra mati.

4.1 Sveitarfélög fylgi eftir umbótaáætlunum sínum á grundvelli niðurstaðna könnunar á húsnaði og starfsaðstæðum grunnskóla árið 2017.

Hér má nálgast skýrsluna [Nýliðun og bætt starfsumhverfi grunnskólakennara](#). Umbætur í kjölfar úttektarinnar eru í fullum gangi.

4.2 Gerðar verði sambærilegar kannanir á húsnaði og starfsaðstæðum leik- og framhaldsskóla og ráðist í umbætur í kjölfarið

Umbætur í kjölfar úttektar á leikskólum borgarinnar eru í fullum gangi, sjá [tillögur starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólakennara í Reykjavík, um aðgerðir](#).

4.3 Skipulag skólastarfs og vinnufyrirkomulags í skólum geri ráð fyrir tíma kennara til utanumhalds um málefni nemenda, samvinnu við aðra kennara, starfsfólk skóla og skólapijónustu

Undirbúningstími kennara og annars starfsfólks í skóla- og frístundastarfi fer að miklu leyti í þetta.

5.2 Stuðningsteymi sveitarfélaga og landshluta sinni reglubundinni fræðslu fyrir starfsfólk skóla

Fræðsla stuðningsteymis innleidd í skóla- og frístundastarf borgarinnar. Lýðheilsu- og forvarnarteymi SFS leitast jafnframt við að koma fræðslu um geðheilbrigði inn á verkfærakistu menntastefnunnar.

5.3 Áhersla verði lögð á geðrækt og forvarnir í símenntunaráætlunum leik-, grunn- og framhaldsskóla

Lýðheilsu- og forvarnarteymi SFS leitast við að koma áherslum um heilsueflandi skóla inn í símenntunaráætlanafarm starfsstaða sviðsins.

5.4 Námsleyfa- og starfsþróunarsjóðir leggi áherslu á eflingu þekkingar og færni á sviði gagnreyntra aðferða til að vinna með hegðun, líðan og félagsfærni barna

Þróunar- og nýsköpunarsjóður menntastefnu Reykjavíkurborgar styður við verkefni sem snúa að grunnþáttum stefnunnar. Einn af grunnþáttunum fimm er heilbrigði. Grunnþættirnir félagsfærni og sjálfsefning hafa sömuleiðis mjög mikla tengingu við geðheilbrigði. Því má segja að sjóðurinn styðji mjög vel við verkefni sem stuðla að geðheilbrigði barna.

6.2 Allir leik-, grunn- og framhaldsskólar marki sér stefnu og skilgreini vinnulag í tengslum við hegðun barna og ungmenna í skólum

Ýmsir verkferlar og stefnur sem starfað er eftir á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar snúa að hegðun barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi. Gert er ráð fyrir að starfsstaðir sviðsins vinni sínar stefnur og verklag út frá verkferlum og stefnum sviðsins. Má þar nefna:

- [Viðmið um skólasókn í grunnskólum Reykjavíkurborgar](#)
- [Gátlisti vegna eineltis](#)
- [Verklagsreglur um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins vegna grunnskólanema með fjölþættan vanda](#)
- [Leiðbeiningar fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva um viðbrögð við óviðeigandi hegðun og neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímuefna](#)
- [Heilsueflandi grunnskóli](#)
- [Heilsueflandi leikskóli](#)
- [Heilsueflandi frístundaheimili](#)
- [Heilsueflandi félagsmiðstöðvar](#)

6.3 Stuðningsteymi sveitarfélaga og landshluta leiðbeini leik-, grunn- og framhaldsskólum við mótun jákvæðrar hegðunarstefnu

Í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar er ávallt leitast við að innleiða gagnreyndar og lausnamiðaðar aðferðir til að efla æskilega hegðun og draga úr óæskilegri hegðun. Hugmyndum, stuðningi og fræðslu frá stuðningsteymi verður vel tekið og getur lýðheilsu- og forvarnarteymi SFS haft milligöngu um það í samstarfi við starfsþróunarteymi menntastefnunnar.

7.4 Skólastjórnendur marki stefnu um samstarf við foreldra í samráði við foreldrafélög

Áherslur í foreldrasamstarfi eiga að koma fram í starfsáætlunum leik- og grunnskóla og í Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025 er lögð áhersla á aukið samstarf og samráð við foreldra bæði í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum.